

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. júní 2013


Efni: Umsögn um lagafrumvarp um breytingar á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.), nr. 146/2012 (virðisaukaskattur á ferðaþjónustu) mál nr. 1, 142. löggjafarþingi.

Starfsgreinasamband Íslands hefur fengið til umsagnar mál sem afturkallar fyrirhugaðar hækkanir virðisaukaskatts á gistiþjónustu.

Fyrst ber að geta þess að Starfsgreinasambandið hefur ítrekað lýst áhyggjum sínum af stöðu ferðaþjónustunnar, þeirri svörtu atvinnustarfsemi sem viðgengst þar og kjarasamningsbrotum sem aðildarfélög SGS þurfa ítrekað að bregðast við á þessum árstíma. Ferðaþjónustan er mjög vaxandi atvinnugrein og er ljóst að það þarf átak til að koma henni í farveg sem er ásættanlegur.

Starfsgreinasambandið telur eðlilegt að ferðaþjónustan greiði sömu skatta og skyldur til ríkissjóðs og aðrar greinar og leggur til heildarendurskoðun og samræmingu á þeim virðisaukaskattsákvæðum sem eiga við mismunandi hliðar ferðaþjónustunnar. Jafnhliða því er nauðsynlegt að efla eftirlit og aðhald með greininni þannig að samkeppni þrífist með eðlilegum hætti og sumir komist ekki upp með undanskot á kostnað annarra.

Virðingarfyllst,



Drífa Snædal

f.h. Starfsgreinasambands Íslands

framkvæmdastjóri